



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 75. TBL. 15. ÁRG. OKTÓBER 1992



Það sem enn varnar því, að betur sé lífað er umfram allt skortur á þekkingu.


Helgi Pjeturss.

Sprenging í vetrarbraut

Svo lítur út, að álitni ýmissa stjörnufræðinga, sem óhemju kröftug sprenging hafi orðið í kjarna vetrarbrautarinnar *M* 82, og hafi sá stórvíðburður orðið fyrir svo sem einni til þremur milljónum ára. Sem afleiðingu þessa atburðar er nú hægt að greina í stjörnuathuganatækjum, hvernig vetnisþokutaumar ganga út frá vetrarbraut þessari með hraða sem nemur allt að 1000 km á sekúndu. Menn hafa reiknað út að efnismagn þessarar rauðleitu vetnisþoku samsvari um það bil sexmilljónföldu efnismagni okkar sólar. Út frá vetrarbrautinni ganga einnig hraðfara rafeindir með sterku segulsviði. Bláleiti liturinn sem geislar frá útjöðrum þessa mikla stjarnkerfis, stafar af tiltölulega ungum stjörnum sem þar er mikið af.

I. A.

Tvístirni



Víða um geim má sjá nágrannasólir á sameiginlegri för um geiminn. Myndin sýnir rauða sól og hvíta, sem ganga hvor um aðra.

Framlíf á himnum

Um málþing Nýalssinna. Hótel Örk, Hveragerði, 11. okt. 1992.

Svo nefndist fundur sem Nýalssinnar efndu til að Hótel Örk, Hveragerði, sunnudaginn 11. október sl. og var nefndur „málþing um eðli framlífs“ í auglýsingu. En nafnið málþing þýðir tvennt: að hver sem var gat sótt þingið og borið fram athugasemdir eða andmæli, og svo hitt, að niðurstöður málþings standa, meðan þær eru ekki gagnrýndar. — Í framhaldi af því getum við svo hugsað okkur, að þannig staðfestar niðurstöður hafi stilliáhrif á mannfélagið, svo að það mótist nokkuð af þeim.

Aðsókn að fundinum var allgóð, um 30 manns, og viljum við þakka þeim sem komu fyrir áhuga sinn, enda forfölluðust margir, af einum og öðrum ástæðum, sem þó höfðu ætlað að koma. En þessi var dagskráin:

1. **Himinstjórnur tíndra.** Ingvar Agnarsson (Bjarni Th. Rögnvaldsson las vegna veikinda höfundar).
2. **Af sambandsfundum Nýalssinna** (Þorlákur Pétursson las).
3. **Heimur framlíðinna.** Guðmundur Kristinsson. (Úr bók hans um Björgu miðil).
4. **Dagbók að handan.** Þorsteinn Guðjónsson flutti inngang og las.
5. **Frjálsar umræður.**

B. G.

Þorsteinn Guðjónsson:

Inngangur

að lestri úr bókinni *Dagbók að handan*,
eftir Jane Sherwood,

(Flutt á málþingi um *Framlíf á himnum*, Hótel Örk, 11. okt. 1992)

Um Arabíu-Lárus er það fyrst að segja, sem kunnast er um hann, að á tíma hinnar fyrri heimsstyrjaldar tókst hann á hendur hermanna-starf á vegum breska ríkisins, fyrst í Kaíró í Egyptalandi, en því næst í Arabíu, þar sem honum tókst að fá Araba til að berjast gegn Tyrkjum, sem voru óvinir Breta. Varð hann frægur mjög af þessum dáðum, en þó ennþá meir síðar, fyrir það hve hart hann brást við, þegar Bretar eftir stríðið, brugðust vinum hans Aröbum, og sagði hann þá af sér öllum störfum í þágu breska ríkisins.

Bókin „Uppreisnin í eyðimörkinni“ eftir Lawrence var alþekkt meðal stráka, þegar ég var á ungum aldri.

Lawrence fórst af völdum umferðarslyss árið 1935.

Lawrence hafði verið mikill áhugamaður um fornsögu og fornleifafræði, og vann meðal annars með hinum fræga fornfræðingi Sir Leonard Woolley við rannsóknir í Austurlöndum. Hann var hámenntaður maður, og hafði upphaflega víst lítinn áhuga á hermennsku, þó að atvikin beindu honum á þá braut. (Heimild: breska alfræðin — E. Br.).

Bókin „Dagbók að handan“ er komin fram við ósjálfráða skrift miðils, Jane Sherwood, og á að vera vitnisburður Lawrence um lífsreynslu hans eftir dauðann. Þegar einhver gefur sig í það að lesa upp úr slíku riti, fyrir áheyrendahóp, fer ekki hjá því, að menn spyrji: hver er skoðun lesarans? Trúir hann þessu, eða er hann aðeins að leika?

Mér er ekki ókunnugt um, að „í nútímapjódfélagi“ taka margir þann kost að vera „stikkfrí“, taka enga ábyrgð á sig, gefa hvergi höggstað á sér. Ég tek fúslega á mig ábyrgðina og lýsi þeim skilningi mínum, að efnið sé að mestu fram

komið fyrir samband við framlíðinn. Til þess að lengja ekki málið vísa ég til þriggja ágætra greina um þessa bók í Lífgeislum nr. 35, 43 og 56 frá árunum 1981—84 eftir Ingvar Agnarsson en þar leiðir hann í ljós hvernig lýsingar Lawrences bera glöggan vott um það, að framlíf hans er í efnislegum líkama á öðrum hnetti, því ekki þarf að eyða orðum að því, að til séu „aðrar bylgjulengdir“, þar sem sé annað efni en þetta sem við sjáum.

Lýsingar Lawrence tel ég staðgóðar og raunsannar, og framlífsævi hans er stórfróðleg og verðskuldar enn þann dag í dag að vera lesin og íhuguð. Einhversstaðar í hinum víða geimi eru til þær jarðstjörnur sem hann hefur í framlífi gist; þaðan er þessi saga hans komin, og les ég hér upphaf hennar.

Þýðandi bókarinnar: Dagbók að handan var Ingibjörg Þorgeirsdóttir kennari, en henni var ég samtíða og málkunnugur á Reykjalundi árið 1956. Málfar hennar virðist mér gott, en þó eru hin dulspekilegu orð sem hún notar, samkvæmt frummálstexta að sjálfsögðu, til nokkurrar óprýði. En þetta segir okkur líka þann sannleik, að íslenskan er vandfýsnari á það hvaða hugsun menn hafa en jafnvel nokkurt annað mál. Góð íslenska leyfir ekki ranga hugsun, og er hún því, eins og bent hefur verið á, besti til heimspeki fallin, og tjónið óbætanlegt ef þessi tunga glataðist sem lifandi mál.

Framlíf á himnum

Góður Nýalssinni, brá á glens við mig út af fyrirsögn þessa fundar, og spurði, hvort við værum nú komnir aftur á trúarbragðastigið, með því að tala um himnaríki eða himnana. En ég þóttist geta borið mig vel og túlkaði þetta þannig, að úr hverju sólhverfi séð, er misjöfn afstaða fastastjarna hverra til annarra, þar er því önnur stjörnu-merki að sjá en héðan af jörð, og þannig er hver stjarna í sínum sérstaka himni; himinn er sú víðátta sem við blasir frá hverjum stað. — Önnur vörn sem ég reyndi, var að vitna í Snorra Sturluson. En hann segir: margir staðir eru á himni

fagrir, og kallar hann **Gimli** fegurst allra bústaða. En níu **himna** telur hann hvelfast hvern öðrum utar, og ystan og mestan telur hann himininn **Viðbláin**. Er það fagurt nafn, sem bendir til óendanleikans. Kunningi minn tók rökunum vel, og hafði við orð að sækja fundinn.

Vissulega er það rétt að meðan menn töluðu um „himna“ voru þeir á trúarbragðastigi, en það er einmitt eitt aðalviðfangsefni Nýals að bregða skilningsljósi á efni trúarbragðanna. Himna trúðu menn á, meðan þeir vissu ekki um óendanlegan himingeiminn, þennan sem Kópernikus fann og Brúnó enn betur, þannig að aldrei verður aftur tekið, sem betur fer. Á 19. öld mun hafa verið til sú hugsun í Evrópu og víðar, að framhald lífsins sé á stjórnunum, og *örlar á þessu hjá flestum bestu skáldum okkar á þeirri öld*: Sigurði Breiðfjörð, Grími Thomsen, Stephani G., Steingrími Thorsteinsson og fleirum. En um vísindalega og heimspekileg skoðun á þessu efni var ekki að ræða, enda beið það eins manns að vinna það ótrúlega afrek að koma þessu málefni öllu á fræðilegan grunn.

Á örfáum atriðum ætla ég að stikla varðandi þróun doktors Helga Pjeturss frá því að vera venjulegur — og um leið óvenjulegur — vísindamaður um aldamótin, fram til þess stjörnulíffræðings og framlífsfræðings sem hann vissulega varð. 1897—1912 stundar hann jarðfræðirannsóknir af kappi. En þegar hann missir styrk til þeirra, færir hann sig yfir á nýtt svið og tekur til við athuganir sem ekki áttu sinn líka áður. „Ég fann í mínum eigin huga hið stórkostlegasta rannsóknasvæði“, segir hann. Er sagan af því sögð í greininni „Á annarri stjörnu“ og öðrum ritgerðum frá því tímabili, sem birtar eru með nýju Nýalsútgáfunni, sem kom út í fyrrihaust. Við Nýalssinnar erum hreyknir af að hafa leyst það verk af hendi, með hjálp Skákprents. Enn betur var gerð grein fyrri eðli drauma í „Annarri uppgötvanasögu“ 1921. Í beinu framhaldi af þessu kemur að framlífsfræði doktors Helga. Með ritgerðinni **Stjörnulíffræði** (1921) má telja að ljóst sé orðið að mestu yfir eðli framlífs. En það er þó ekki fyrr en með ritgerð-

unum **Frumlíf og framlíf** (1927), **Hið endurlíkamaða líf** (1929) og **Íslensk heimsfræði og trúin á endurburð, reincarnation** (1929) sem segja má, að kenning Nýals um framhald lífsins sé fullmótuð. Þá fyrst gátu menn á sjálfstæðan hátt tekið þessa kenningu upp og gert að sinni. Þá fyrst gat hver góður lesandi sagt: miðlabækurnar bera það með sér, að það er verið að tala um líkamlegt líf á öðrum hnöttum en ekki andlegt líf í andaheimi; og ennfremur: við höfum skýringu á þeim atriðum sem endurburðatrú byggist á. Og þegar **minningafræði** Þorsteins Jónssonar var komin fram var hægt að segja: endurburður getur ekki átt sér stað. Það er framlíf á hinnum sem tekur við, en ekki skriðlíf í jarðbúkum á þessari sömu jörð, sem margir eða flestir hafa svo misjafna reynslu af.

Því miður tóku of fáir undir. En þetta er einmitt það sem við Nýalssinnar höfum mátt reyna í sambandi við okkar starf. Hin snilldarlegasta kenning er það sem við höfum viljað styðja, og þó að sú viðleitni hafi ekki framgang í bili, hlýtur hún að verða okkur sjálfum til þroska, þegar til lengdar lætur.

Við skulum nú athuga rökin fyrir því að ýmsar miðlabækur hafi meira og minna rétt að mæla. Þar er ekki alltaf um beinar rökfærslur að ræða. Hitt mun hafa verið algengt í sögu þeirra bókmennta, að ritmiðlarnir urðu fyrir mjög ákveðinni reynslu í sambandi við hina ósjálfráðu skrift sína, til dæmis þannig að handleggur þeirra hristist mikið, þeim algerlega að ósjálfráðu, meðan verið var að æfa þá að handan í ósjálfráðri skrift. Slíkt er áhrifamikið fyrir þann sem reynir, en fer oft framhá þeim sem þykjast geta gagnrýnt. Guðmundur Davíðsson á Hraunum í Fljótum varð fyrir slíkri reynslu í undirbúningi sínum, og einnig Jane Sherwood, sem lesið verður eftir síðar í þessari dagskrá. Sveinn Haraldsson fann, fljótlega eftir að hann fór að gefa sig að miðilsstarfi, fyrir miklu orkuaðstreymi, en þó var eitt hið merkilegasta hjá honum **lófadansinn** sem hann lék af mikilli list fyrir okkur umsitjendur. Því miður höfðum við ekki rænu á að fá kvikmyndamann til þess að taka þær

hreyfingar upp, til styrkingar málstað Sveins. En í rauninni má þó segja að sá boðskapur sé yfirleitt svo skýr, að hann mæli með sér sjálfur.

Ég ætla svo að enda þessi inngangsorð með fáeinum orðum varðandi skilning minn á hinu framkomna efni, frá framliðnum, sem ég var nú að nefna þrjú dæmi um. Fyrsta atriði er það, að ég treysti öllum þessum miðlum: Guðmundi Davíðssyni, Sveini Haraldssyni og Jane Sherwood til fyllstu ráðvendni.

Annað atriði er það að ég tel mikið af efninu, mismikið eftir ástæðum, hafa skilað sér rétt eða nærri réttu í gegnum miðlana.

Þriðja atriði er það, að rétt til gagnrýni geymi ég mér jafnan: orðalag og hugsun hins framliðna mótast meira eða minna af viðtækinu, sem er miðillinn, og óefað einnig af stilliáhrifum umsitjenda. — Til nánari skýringar hinu síðastnefnda vil ég segja frá þessu. Húsmóðir utan Reykjavíkur, sem nokkuð fékkst við félagsstörf, sagði við Þorstein á Úlfsstöðum: „Þegar ég sit heima í stofu og les í Nýal, virðist mér fátt jafn augljóslega satt og rétt og málefni Nýals. Þegar ég kem á bæjarmálafund finnst mér þetta eins og eitthvað fjarlæggt, og kem mér ekki til að minnast á það. En þegar ég er komin í sæti mitt á Alþingi þykir mér sem þetta séu hinar mestu fjarstæður, sem engan varði um.“ (Stilliáhrif frá flokksfélögunum — og andstæðingum! B.v. Þ.G.).


Á líkan hátt verður hinni ágætu konu Jane Sherwood það á í formála sínum að tala fremur óskipulega um enska orðið „astral“-líkama, sem þýðir stjarnrænn líkami, og er það þó eflaust ritað heima í stofu þar sem truflandi áhrif náðu í minnsta lagi til. En í stað þess að láta þetta dulrænu-orð sem þó á sér sannan uppruna, beina hugsun sinni til stjarnanna, fer hún að segja að þetta séu óskyldir hlutir, það er, að þetta samband sem hún hafði eigi ekkert skylt við stjörnurnar. Þarna hafa stilliáhrif breskra dulfræðinga orðið sannleikanum yfirsterkari.

Svo er að sjá sem Jane Sherwood hafi verið komin að því

að láta sér detta í hug, út frá orðasamanburði, að líf hinna framliðnu væri líkamlegt líf á öðrum hnöttum, en beygt af leið vegna þeirra röngu stilliáhrifa sem ríkjandi voru í umhverfi hennar.

*Flutt á málþingi Nýalssinna um
Framlíf á himnum, af Þorsteini Guðjónssyni,
að Hótel Örk í Hveragerði, 11. október 1992.*

Hringir Úranusar



Úranus er sjöunda reikistjarnan frá sólinni. Úranus var uppgötvaður árið 1781 af W. Herschel. Þvermál 51.800 km. Um hann ganga 5 tungl. Úranus hefur um sig marga efnishringi, eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd. Úranus er blágrænn til að sjá, og er hulin ákaflega miklu skýjaþykkni, sem talið er allt að 11 þúsund km. á þykkt. Við yfirborð skýjanna er frostið um 210° C.

Ingvar Agnarsson:

„Himinstjörnur tindra“*

I. Nokkrir frumkvöðlar stjörnufræðinnar

Stjörnufræðin hefur verið kölluð móðir vísindanna. Hún var stundum í fornöld víða um heim af Kínverjum, Egyptum, Ameríkubúum og Grikkjum. Fyrsta verulega blómaskeið sitt átti hún frá 6. öld til 2. aldar f. Kr. og komu þar margir framúrskarandi menn við sögu: Pýþagóras, Heraklídes, Aristóteles, Aristarkos o.fl.

Munurinn á Grikkjum og Austurlandþjóðum var einkum sá, að Grikkir leituðu skýringa og skilnings, langt umfram það sem áður hafði verið.

Síðan varð afturkippur í þessari grein, allt fram á 16. öld en þá og síðar komu fram brautryðjendur, sem gerðu nýjar uppgötvanir og ruddu braut nýjum heimsskilningi: Kópernikus, Brúnó, Kepler, Galíleó, Newton auk fjölda annarra.

Miðaldakirkjan hafði af guðfræðilegum ástæðum haldið í dróma öllum framförum í stjörnufræði um margra alda skeið. En nú varð straumurinn ekki stöðvaður. Hin nýju vísindi brutust fram með auknum krafti og losuðu um alla fjötra.

Á Íslandi munu þó einstaka menn hafa komist furðu nærri hinu rétta, á þeim öldum, sem myrkastar voru í Evrópu, enda voru hér framúrskarandi stjörnufræðingar eins og Þorsteinn surtur um 950 og Stjörnu-Oddi um 1100.

Menn uppgötvuðu loks á ný að jörðin er ekki þungamiðja alheimsins, eins og kirkjan þvingaði menn til að trúá, heldur er hún ein meðal stjarna geimsins á ferð og flugi rétt eins og allar hinar.

* Úr ljóðinu „Söknuður“, eftir Jónas Hallgrímsson.

II. Framfarir 20. aldar í stjörnufræði

Á þessari öld hafa orðið stórkostlegar framfarir í stjörnufræði, og hefur tekist að smíða fullkonnari tæki til þeirra nota, en nokkur tíma áður var kostur á. Nú sjá menn þúsundum sinnum lengra út í geiminn heldur en unnt var fyrir aðeins nokkrum áratugum. Og hversu langt sem skyggst er, opnast ávallt sýn til nýrra stjarnheima, með milljónum vetrarbrauta. Menn eru farnir að nálgast mörk hins sýnilega og kannanlega alheims.

Í kenningunni um að alheimurinn hafi orðið til í stórri sprengingu, sem er ríkjandi kenning meðal vísindamanna um þessar mundir, felst að alheimurinn sé að þenjast út eftir sprenginguna. Algengast er að túlka þá kenningu þannig, að heimurinn sé endanlegur.

Að minni hyggju má þó telja víst, að hinn sýnilegi heimur sé aðeins lítið brot af hinum raunverulega alheimi, því eðli hans sé þannig, að á honum geti engin takmörk verið. Óendanlegur hlyti hann að vera til allra átta, jafnt þótt snilli manns tækist aldrei að kanna þær óravíðáttur með þeim tækjum, sem hann hefur búið sér í hendur eða hann kann að eiga eftir að smíða.

Að mínu viti getur mannlegur hugur að vísu ekki rúmað eða gert sér að fullu grein fyrir óendanlega víðum alheimi, en ennþá síður gæti hann skilið eða áttað sig á honum sem takmarkaðri stærð, því alltaf hlyti eitthvað að vera utan þeirra marka.

„Sérhvað einstakt, sérhvað takmarkað í tíma og rúmi, hlýtur að eiga frumorsök sína fyrir utan sig. Ekkert takmarkað er sjálfu sér nóg til þess að vera og hafa orðið til, og því getur ekkert verið til án þess að vera hluti ótakmarkaðs heims.“

(Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum: Tunglsgeislar bls. 94-95).

Ennfremur tel ég að fyrirbæri þau sem sjást við ystu mörk hins sýnilega (merkjanlega), myndi einsknar innra borð kúlu, sem hlýtur að útheimta ytra borð eins og er á hverri þeirri kúlu sem þekkt er.

III. Hvenær fer líffræðin að ná til stjarnanna?

Snilli mannsins hefur tekist að færa efnafræðina og eðlisfræðina út til stjarnanna. Stjarnefnafræði og stjarn-eðlisfræði eru aðalviðfangsefni stjörnufræðinga nú á dögum.

Hvenær kemur að því, að einnig líffræðin fari að ná til viti borins lífs annarra stjarna í öðrum sólkerfum? Að stjörnulíffræðin verði mikilvægasta vísindagrein mannkynsins? Mundi það ekki verða ennþá meiri sigur og miða meir til sannra framfara öllu mannkyni, en allar þær miklu uppgötvanir, sem gerðar hafa verið í stjörnufræði, allt til þessa dags? Munu ekki stjörnur himins hafa meiri þýðingu fyrir mannlíf hnattar okkar, en flesta grunar enn?

IV. Lífheimar stjarnanna

Það er víst og rétt, að þegar sú líffræði, sem jarðarmenn þekkja, fer í alvöru að tengjast lífi stjarnanna í alheimi, þá mun renna upp fyrir alla jarðarbúa, sú gullöld, sem menn hefur dreymt um frá örófi alda.

Enn er haldið af flestum, að aldrei verði með vissu vitað um það líf, sem á stjörnunum kann að þróast. En þessi skilningsskortur byggist á vanþekkingu einni saman. Eftir að hafa kynnt sér fræði dr. Helga Pjeturss, má með vissu vita um eitt og annað, sem á stjörnunum gerist. Margt af því sem dulrænt hefur verið kallað, er einmitt það, sem rót á að rekja til lífsins á öðrum stjörnum. Alla dreymir. Skýrir draumar segja okkur margt, um lífið á öðrum stjörnum og um ýmsar lífsaðstæður þar. Oft er það í draumi, að við sjáum t.d. mörg tungl á lofti í senn, og stjörnuhimin og stjörnumerki með öðru útliti en héðan af jörðu. Og sólin í draumum okkar er stundum af annarri stærð og með öðrum litblæ en okkar sól.

Í slíkum draumum er um að ræða himinsýnir frá jörð eða jörðum draumgjafa okkar, íbúum annarra jarðstjarna í öðrum sólhverjum. Í sumum draumum finnst okkur við svífa yfir jörðu, og kynnumst við þar, lengra komnu lífi á

öðrum stjörnum og byggist á meiri samstillingu manna og sterkari stilliáhrifum en hér þekkjast.

Ýmsir aðrir möguleikar en draumar eru til staðar, til þess að kynnast lífinu á öðrum hnöttum: Þar má nefna miðilstal, því oft koma fram hjá miðlum ýmsar mjög skilmerkilegar lýsingar á lífinu annarsstaðar í geimi.

En þar sem aðrir fjalla hér um þau mál í kvöld, ætla ég heldur að minnst enn ofurlítið á stjörnur geimsins.

Eitt sinn var kveðið:

Mánar svífa um jarðir,
jarðir svífa um sól,
aftur svífur eygló hver
um eina stóra sól.

Hér er vel að orði komist, og rétt, nema í síðustu hendingunni, því engin er til alheimssól slík, sem allar aðrar sólir gangi í kringum. En sannleikurinn er þó á næstu grösun, því allir hnettir og allar sólir eru á ferð og flugi um einhverja þungjamiðju. Allar sólir, jarðstjörnur og tungl innan vetrarbrautar okkar, ganga umhverfis þungamiðju hennar, ásamt stjörnuþyrpingunum fögru, sem ganga um hana.

Í stjarnfræðilegri, eða réttara sagt, í geimfræðilegri nálægð okkar eru um tuttugu vetrarbrautir, sem mynda e.k. sameiginlega þyrpingu. Langstærstar eru tvær: vetrarbrautin okkar og Andrómedu-vetrarbrautin. Vegalengdin á milli þeirra er um 2 milljónir ljósára. Um þær, hvora um sig, ganga minni vetrarbrautir, og skiptast þannig í tvo hópa. En þessir tveir hópar ganga svo aftur hvor um annan, svo þær mynda í raun eina samstæða hvirfingu.

Utan þessarar þyrpingar kemur svo allstórt geimsvæði, án stjarna að mestu og án vetrarbrauta.

En svo taka við aðrar vetrarbrautir utan þessa svæðis. Vetrarbrautin fagra M 81 í Stórabirni er t.d. í um 8 milljón ljósára fjarlægð og er svo björt að sýndarbirta hennar er um 8 stig.

En því lengra sem skyggst er út í endalausan geiminn, því fleiri sýnast vetrarbrautirnar og því daufari sýnast þær, uns

engin mannleg tæki ná að greina þær eða mæla með nokkrum ráðum. Og til allra átta virðast mörk hinna sjáanlegu og mælanlegu vetrarbrauta vera álíka fjarlæg. En víst má telja allar líkur á, að vetrarbrautaskarinn haldi áfram, lengra og lengra út í óendanlegan geiminn. Og hvi skyldi þá ekki vera eins um líf og vitlíf? Hvi skyldu vera nokkur takmörk fyrir lífi á öllum svæðum stjarnheima, bæði fjær og nær.

En víkjum enn að lífinu sjálfu, sem vera mun frumorsök og skapandi alls hins efnislega heims, stjarna, vetrarbrauta og vetrarbrautahvirfinga. Lífið er aðall tilverunnar. Án lífs væri engin tilvera, enginn efnisheimur. Við jarðarbúar erum á einu lægsta þrepi lífsins, og til þess að gera, nýfarnir að **hugsa**. Og á okkar jörðu hafa aðstæður til lífs verið slíkar, þrátt fyrir ötula baráttu hinna lengra komnu himnabúa, að lífið er hér komið fram á glötunarbarm, og síðustu forvöð að enn verði snúið við yfir á leið lífsins. Á ýmsum hnöttum mun stefna lífsins vera ámóta illa sett og jafnvel enn verr. En mjög munu hinir lengra komnu leggja sig fram til bjargar þessum illa settu mannkynjum.

Vita mættu allir, að lífið í alheimi er á mjög mismunandi þróunarstigi. Fullkomnun hinna lengra komnu munu lítil takmörk sett. Menn hér geta stundum komist í sambönd við guðlegar verur, geislandi og máttugar, sem aðrar stjörnur byggja, fagrar og bjartar. Heil mannkyn slíkra stjarna munu vera alsamstillt, alsamvita, algóð og ákaflega máttug. Og við getum alls enga hugmynd gert okkur um fegurð, mátt og samstillingu þeirra guðlegu mannkynja eða guð-kynja, sem lengst munu vera komin á guðsríkisbrautinni (svo ég noti nú guðfræðilegt orðtak).

Og því miður eru sum vítin svo ill að hinum guðlegu hefur enn ekki tekist að tæma þau. Þaðan berast þeir ógnvænu orkustraumar, sem halda lífi jarðar okkar, og þar með mannlífinu hér, í þeim heljarfjötrum illsku og skilningsleysis á eðli tilverunnar, að nú má litlu muna ef ekki á illa að fara.

Því verða allir góðviljaðir menn, sem skilning hafa á

sambandi lífsins, að taka höndum saman til þess að beina stefnu lífsins frá hinni ráðandi, illu stefnu yfir á lífsins leið. Og hér dugir ekkert hálfkák. Íslendingar verða hér að taka forustuna.

Hér verður að taka á af alefni og samhug, til þess að sem skjótastur árangur mætti nást, og roða fari brátt af nýjum degi.

I. A. — Flutt af Bjarna Th. Rögnavalddssyni á málþingi Nýalssinna á „Hótel Örk“ í Hveragerði, 11. október 1992.

Sjöstirnið



Dreifþyrpingar sólstjarna er víða að sjá í geimnum. Fara þær í hópum og eru samferða tugum og hundruðum saman. Langþekktastur slíkra stjörnuhópa mun vera Sjöstirnið í Nautsmerkinu, sem blasir við augum á hverju heiðskíru vetrarkvöldi. Geta má nærri að víða mun vitlíf að finna á reikistjörnum þessara sólna.

I. A.

Þorsteinn Guðjónsson:

„Heimur framliðinna“

*Um erindi Guðmundar Kristinssonar, Selfossi á Málþinginu
að Hótel Örk 11. okt.*

Guðmundur Kristinsson hafði nokkurn inngang að lestri sínum. Sagði hann frá dvöl Helga Pjeturss í Hlíð í Gnúpverjahreppi forðum, eftir sögn ömmu sinnar, Sigríðar Lýðsdóttur, en henni var Helgi vel minnisstæður. Hafði hún oft orð á því hvað hann hefði verið skemmtilegur maður og fræðandi, og hafði þetta áhrif á Guðmund ungan; enda tók hann að kynna sér kenningar Helga, þegar hann var um tvítugt og gerðist þeim handgenginn.

Guðmundur las upp úr bók sinni „Heimur framliðinna — 43 ára miðilsstarf Bjargar Ólafsdóttur“, var það fyrsti kafli þar sem hann fékk samband við móður sína; en síðan las hann nokkra kafla þar sem Einar Loftsson, hinn kunní spírítísti, lýsti ástæðunum í lífi sínu — og annarra — eftir dauðann; var það allt mjög áþreífanlegt; sól var þar á himni — og eitt sinn var farið í langa skemmtisíglingu. Má heita að hvert atriði í frásögnum miðilsins styðji þann skilning að um líf á hnetti sé að ræða þar sem er líf hinna framliðnu, og er ánægjulegt til þess að vita að íslenskur miðill hefur orðið farvegur fyrir þann boðskap, handan að.

P. G.

Hér lýkur að segja frá erindum þeim, sem flutt voru á Málþingi Nýals-
sinna á „Hótel Örk“ í Hveragerði, sunnudaginn 11. október 1992.

Þorsteinn Guðjónsson:

Á miðilsfundi árið 998

Völuspá er innblásið kvæði, ort á miðilsfundi eða eftir fund, og tilgáta Sigurðar Nordals um að skáldið hafi skilað verki sínu í Haga á Barðaströnd sumarnótt eina árið 998 er jafnskemmtileg og hún er sennileg. Og þó það væri nú ekki endilega þessi bær og atvikin þar sem gáfu kvæðinu umgjörð, virðist erfitt að ætla því annan aldur en þennan. Völuspá má kalla trúvarnarrit ásatrúarinnar gegn hinum aðsteðjandi kristindómi. Hún er innblásið rit — því hver yrkir svo nema í guðmóði — og að því leyti hliðstæð Sólarljóðum en miklu síður Passíusálmum og allra síst Lilju Eysteins, sem er kerfisbundin útlistun.

En hvað er það sem hægt er beinlínis að benda á sem rök fyrir því að kvæðið sé innblásið? Það er umfram allt þetta, að saga heimsins og goðanna er sögð, ekki í eigin nafni skáldsins, heldur hennar: „það man hún“, „sér hún það verða“, „nú mun hún sökkvast“ (og enn oftar). Þetta er aðaleinkenni. Skáldið er að segja frá því sem völvan veit (og þó einkum sér), ekki því sem hann veit sjálfur, þó fróður sé. Þetta hafa þeir vitað, sem best hafa kunnað um kvæðið að tala. En þó skal lengra haldið.

Menn hafa veitt því athygli að atburðasagan gerist í Völuspá öll í goðheimi, ekki eitt atvik er þar úr mannlegu lífi, örnefni eða mannsnafn, það er allt „hinum megin“, þarna sem sumir halda að alls ekkert sé; en aðrir gera sér hinar fráleitustu hugmyndir um, eins og andaheim, þunnt efni, 4.—11. vídd, geðheim, andefni, svart gat o.s.frv. „Þeir eru komnir með nýjan andaheim“, segir Sveinn Haraldsson við mig í hvert skipti sem slíkt kemur upp. En hann er oftast nær á undan mér að taka eftir því.

En þarna „hinum megin“ er það sem völvunnar er að leita: skáldið sér hana í huga sér. Og svo er það sem kemur alveg heim við þessa tilgátu og fyrirfram mátti gefa sér eftir henni, að sumar vísurnar segja ekki aðeins „hún“ heldur einnig „ég“ (Ek) — og eru það sum máttugustu erindin. „Ek sá Baldri blóðgum tívur ... örlög fólgin“. Sambandið verður svo náði milli skáldsins og sambandsgjafa hans, völvunnar, að um samvitund er að ræða: „ég er hún“.

Skáldið, sem orti Völuspá, var ekki aðeins á miðilsfundum, heldur var hann sjálfur miðill. Hann hefur líklega verið karlmaður — heildartökin á efninu benda til þess — en hann var samsála konu á öðrum hnetti, sem var vitni að og vissi skil á hinum geigvænlegustu viðburðum, sem þar voru að gerast, ragnarökum og „harmi Hlínar“ einum og öðrum, sem margt mætti um rita, en ekki verður reynt við hér. Fyrst er að vita það sem mestu máli skiptir, en það er að sambandið á sér stað. Hnettir farast með mannkynjum sínum, ef ekki er vitað, og þess vegna er völvunni svo mikið í mun við þá Barðstrendinga þegar hún segir: „Vituð þér enn — eða hvað?“

Enn nokkur orð

Að fást við „útmálun helvítis“ hefur ekki verið mín list hingað til, enda hygg ég að mönnum hafi farnast einna best hér á landi síðan þeir hættu að trúá á þann stað — en sú vantrú er talin hafa stafað mest frá þeim séra Matthíasi Jochumssyni og séra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ — báðum til hins hæsta heiðurs, ef rétt er. En þó að þagað hafi, hefur mér verið nokkru kunnugra um slíkt en látið hef uppi. Meðal hins allra helvítlegasta sem ég veit hér á jörð eru þessi kynferðisafbrot gagnvart börnum, sem manni skilst að Alþingi ætli að láta óátalin, með því að setja ekki þau lög sem nauðsynleg eru til þess að hindra slíkt. Ef þingmenn væru spurðir yrðu svörin líklega á þá leið að þetta sé ekki hægt því að ekki séu lög gegn slíku á hinum Norðurlöndunum. En þetta er engin röksemd. Vandí fylgir vegsemd

hverri og ábyrgð fylgir þingmennskunni. Ég vildi geta óskað þingmönnum annars en þess að bera ábyrgð á lagaleysi sem þessu — þó svo að tíminn sé naumur og annirnar miklar.

Tíminn 20. febrúar 1991.

Pjetur Gíslason á Eyrarbakka

Fæddur 1901 — Látinn 1993

Ég hef dálítið gaman af því að telja upp fyrir mér „öldunga Nýalsstefnunnar“, en verð alltaf að hætta, því að garðurinn er fjölskrúðgri en flesta grunar, og erfitt að flokka fólkið eða gera upp á milli þess. En enginn vafi er á því að Pjetur Gíslason, sem nú er nýlátinn 92 ára að aldri, var einn af öldungunum.

Ég hef viljað setja það fram sem lögmál, að því „ofar“ sem menn standa í þjóðfélagi, því erfiðara verði þeim að styðja málefni eins og Nýal, gera það að sínu. Þetta eru stilli-áhrif: því meir sem menn njóta fylgis annarra, því háðari eru þeir öðrum. Þegar Pjetur Gíslason var orðinn stúdent og nýorðinn Nýalsmaður, hóf hann nám í læknisfræði (1922). Hann sagði mér að kunnur læknisfræðiprófessor hefði komist á snoðir um þessar skoðanir sínar og undireins farið að lesa yfir sér. Þegar prófessorinn hafði lokið sér af, leit hann á unglínginn og sagði; „Nú, það er þrái í svipnum“. — Þetta var kjarni málsins. Pjetur var svo hugaður, að honum ægði ekki valdið, sem við var að eiga, og hélt sinni stefnu. En þrautalaus var ekki ganga hans næstu áratugi, og lýsi ég henni ekki. En ég tel, að meira hafi reynt á Pjetur en flesta aðra, m.a. vegna þess að hann stóð þetta „ofarlega í þjóðfélaginu“ á þessum tíma. Að vera stud. med. og læknissonur var þó nokkuð í þá daga, og þó svo að Pjetur hefði komist áfram, hefði hann naumast gefið neitt eftir með Nýal.

Þegar samtök voru að byrja með Nýalssinum (1948-1950) heyrði ég í fyrsta sinn minnst á Pjetur. Kom fram að honum

væri mikið niðri fyrir um málin, jafnvel svo, að hann hefði ekki fullt lag á því að tempra sig, þegar hann talaði í hóp. Þetta vakti athygli mína — brennandi áhugi, funandi sál! — en þó gerði ég ekkert í því að leita sambands við hann. En þegar hús Nýalssinna var opnað (1969) kom Pjetur þar, og mun hafa eitthvað farið að tala utan úr sal, meðan ég var í ræðustól. Sneri ég ræðunni undireins honum til heiðurs og rakti sögu hans fyrir viðstöddum. Eftir þetta var Pjetur, sem ekki hafði áður sótt fundi, einn hinn dyggasti stuðningsmaður félagsins, sem enn sjást merki um.

Þeir sem vel hafa hugleitt grundvöll Nýalskenninga, með náttúrufræðilegum rökum, vita að eðli meðvitundarinnar er þar fyrsta atriði. Í vísindalegan brennipunkt kemur þetta, þegar rætt er um fyrstu drög lífsins á jörðunni, stóra stökkið frá ólífi til lífs: hvers eðlis vera muni.

Um 1960 fundu menn, hvernig aminosýrur og ensím hópast skyndilega saman í stórsameindir: DNA, RNA, og Prótein og sjá: þetta furðulega stökk verður ekki skýrt öðruvísi en sem magnanar-átak, sem hófst á vissu jarðsögu-skeiði. Margspurt hef ég Þorstein lífefnafræðing um einföldustu atriðin í þessari vísinda-umbót, og ævinlega fengið skýr svör; þetta er staðreynd og hún verður ekki skýrð, nema lífsamband sé haft í huga. En þá viku sögunni til Pjeturs Gíslasonar.

Það er eitt verkefni sem bíður okkar Nýalssinna, að gefa út „hina ljóðrænu efnafræði“ sem Pjetur var stundum að lesa okkur. „Skilningur efnafræðinnar“ var nafnið sem hann valdi þessum þáttum sínum. „Þegar sameinast H-in og O-in . . . þá byrjar tilvera vatnsins“ er það sem ég man í bili úr þáttum Pjeturs, en ætti að réttu lagi að kunna þá alla utanað. En það var þessi maður, Pjetur Gíslason, sem ásamt Þorsteini lífefnafræðingi fylgdist náíð með því, þegar þessi mörk voru að finnast í vísindunum. Um það mál m.a. skrifar Pjetur í þáttum sínum „Skilningur efnafræðinnar“, á þann fallega, frumlega hátt, sem honum var laginn.

„Það er falletur maður, hann Pjetur Gíslason“, sagði konan mín, Gerður Þorsteinsdóttir. Það duldist ekki, að þar

fór stórgáfaður maður. Sómi er okkur Nýalssinum að því, að hafa átt slíkan mann í okkar hópi. En okkur mun hinn starfsami, vel agaði maður óska þess, að við megum rækja hlutverk okkar, hvert eftir sinni getu, meðan við erum á þessari jörð.

Þetta skrifa ég upp eftir Pjetri, þegar við heimsóttum hann nýlega: „Ég skammast mín fyrir að hafa sagt við NN frændkonu mína, að ég **héldi**, að þetta væri svona (um framlífið), því sannleikurinn er sá, að ég **veit**, að þetta er svona“. Hvílik glóð andans tindraði á bak við þetta eina orð: „veit“, sem náttúrufræðingurinn Pjetur Gíslason lét frá sér fara, að vel athugðu máli, skömmu áður en ævi hans lauk. — Útför Pjeturs var gerð frá Eyrarbakkakirkju.

P. G.

Þorsteinn Guðjónsson:

Vísindaleg athugun

Ég átti náttstað utan Reykjavíkur, og vaknaði þar snemma morguns og áttaði mig á því að mig hafði verið að dreyma. Mig hafði dreymt óvenjulega skýran draum, og það var hin skýra og áhrifaríka sjónskynjun miklu fremur en sjálft efni hans, sem ég undraðist. Slíkur skýrleiki er eitt af skilyrðum þess, að draumurinn festist vel í minni og vísindaleg athugun geti farið fram.

Það sem ég var að horfa á í draumnum var, að mér þótti, Íslandskort á vegg, og virtist það vera um 2 metrar á hvorn veg, litum prýtt og vandað að allri gerð. Athygli mín beindist að austurströndinni — en nú fór mér að finnast þetta eitthvað ókunnuglegt, og um leið flaug mér í hug eitthvað líkt því, sem nú skal sagt: „Það er búið að breyta kortinu þannig, að það sýni meir hvað „saman á“ (um samgöngur og slíkt), heldur en hin raunverulegu hlutföll, — til dæmis hefur hinum mörgu fjörðum verið „þrýst saman“ á 2—3 stöðum, en langar strandlengjur hafðar á milli þessara „hverfa“ þó að þetta sé alls ekki þannig“.

Þannig var það sem ég „hugsaði í draumnum“. En það sem maður hugsar í draumi er af öðrum toga en það, sem hann sér í draumi. Og um leið og ég vaknaði varð mér ljóst, að kortið sem ég sá í draumnum var alls ekki lauslegar tilraunir hinnar ómarkvissu draumhugsunar. Ræði ég hér ekkert um hversvegna draumhugsun er svo reikul og ómarkviss, gagnstætt draummyndunum, en sný mér beint að því sem kallað hefur verið stilliáhrif, og ég leita jafnan að, ef eitthvað er sérstakt um drauma mína. Hvaða stilliáhrif voru það, sem gáfu mér skilyrði til þessa draums, þar sem kort af Íslandi var aðalefnið?

Ég hafði kvöldið áður komið á sveitabæ, verið boðið til stofu, og var þar fyrir útlend fjölskylda, sem ég þekkti ekkert. Engu að síður talaði ég við þetta fólk dálitla stund, ásamt heimafólki, en kvaddi síðan og hélt áfram. Mér datt nú í hug sú skýring á draumi mínum, hvað stilliáhrif snerti, að fólkið sem ég hafði hitt þarna kvöldið áður, hefði áður en það kom til landsins gert nokkuð að því að skoða landabréf. Ég fór nú að segja nærstöddum draum minn, og minntist þá einnig á þetta sem mér þótti líkleg stilliáhrif til draumsins, enda þótt sú tilgáta mín væri nokkuð í lausu lofti. En þá segir konan mín: „Þú varst úti í bílnum fyrst, meðan ég var að tala við konuna í dyrunum, áður en þér var boðið inn. Ég sá inn í stofuna en ekki þú, og þar voru þeir bóndinn á bænum og Þjóðverjinn að skoða landakort, en þeir brutu það saman og voru búnir að leggja það frá sér þegar þú komst inn“.

Þarna kom óneitanlega fram stuðningur við tilgátu mína. Ég segi frá þessu sem vísindalegri athugun.

Tíminn 9. ágúst 1986.

Freysteinn Gunnarsson:

Kvöldvísa

Nú líður sól til sævar;
og silfurglituð ský
í vestri reifast roðahjúp;
og rökkvar dölum í.
En skuggi' úr lautum læðist
og lyftir sér á tá.
Í kvöldhjúp foldin klæðist
og kallar börn sín á.

Hún býr þau draumsins blæju
og býður góða nótt.
Og næturvindar vagga þeim,
sem veikan hafa þrótt.
En stjörnur stara niður
og stilltan halda vörð.
Og fró og helgur friður
nú faðmar vora jörð.

(Kvæði 1987)

Sannur draumfræðingur á annarri jörð

Eftir að draumasafn Ingvars Agnarssonar kom út (*Lífheimar draumanna* Skákprent 1992), fór ég að hugsa um hvaða stefnu draumsambönd hans mundu nú taka, hver yrðu stilliáhrifin frá lesendum. Á annan í jólum hringir til mín Ingvar og segir mér draum: Hann dreymdi, að hann væri í stórum sal; voru þarna nokkrar konur eða stúlkur sem honum þótti vera gólfþvottakonur, og fer hann nú að tala yfir þeim og skýra frá þeim möguleika, að menn geti svifið í lofti án hjálpartækja. En þær taka þessum boðskap heldur dauflega. Nú færast hann allur í aukana og jafnframt áköfum málflutningi fer hann að finna í sér þann kraft sem til þarf, og áður en varir er hann kominn, kyrrstæður, í svo sem hálfmetra hæð. Enn eykst honum kraftur og getur nú svifið um salinn, nokkru hærra en áður, og reynir nú að vekja athygli stúlkanna á sér. En þær eru jafn tómlátar og áður, og líta jafnvel undan til þess að komast hjá því að sjá það, sem er. Sér hann, að ekki muni hann fá sínu framgegn að sinni, stígur til jarðar og vaknar í sama bili, og var þá Ingvar Agnarsson raunar, en ekki maðurinn í salnum. Það mundi Ingvar úr draumnum, eða þóttist skynjað hafa, að draumgjafinn var eldhugi mikill, brennandi af ákafa og þó stilltur, og einnig hafði hann verið að tala um líf á öðrum hnöttum. — Nú hafði tilraun þessa ágæta manns, á öðrum hnetti, því miður misheppnast, og var Ingvar í heldur leiðu skapi yfir því, enda kom það fram í heilsufari hans sjálfs þennan dag. Má þetta allt vel skilja þegar menn fara að vita um fjarsambönd lífsins.

Skýring: Draumgjafinn er frumlífsmaður á öðrum hnetti (eins og menn eru hér á jörð, allir með tölu; endurburðartrú-

in byggist á misskilningi), og hefur sá maður skilið samband lífsins í alheimi, annaðhvort af eigin rammleik eða eftir fordæmi. Jafnframt því er hann kominn nokkuð áleiðis að því að efla með sér sambandskraft. Hann kýs að gera tilraun sína í viðurvist nokkurra þvottakvænna, e.t.v. í von um að þær fáist fremur til að segja satt en sumir aðrir. En þær reynast þá jafnhleypidómafullar og þeir lærðu, háskólamennirnir þar á jörð; stinga nefinu í barm sér og telja sér trú um, að þær sjái ekki neitt.

Það sem þarf að verða er að við beitum huganum til styrktar hinum nýja eldhuga sem fengið er samband við. Því betur sem *Lífheimar draumanna* eftir I.A. verða lesnir, því betur mun sambandsmanni þessum vegna og vinnast á. Takist okkur þessi hugarbeiting, mun allt fara batnandi, þannig að orð mun af orði vaxa og verk af verki.

Þorsteinn Guðjónsson

Endurnýjuð draumsambönd

Um skeið hefur mig varla draum dreymt, sem verður sé þess nafns; hina *glöggu skynjun þeirra hluta sem eru*, hefur oftast nær vantað í mitt draumlíf, og hefur mér þótt það slæmt eins og vænta má. En nú brá skyndilega til hins betra, og var ég í draumi (28.12.92) að virða fyrir mér hús, raðhýsi við götu sem ég stóð á, og tók ég eftir þrem húsum: einu lengst til hægri, við enda götunnar; öðru þar næst heldur lægra; þriðja til vinstri við það, mun hærra, og ekki byggt úr sama efni. En starsýnast varð mér á miðhúsið: það var byggt úr rauðleitum tígulsteini, ekki nákvæmt reglulegum, með ljósara bindiefni á milli; hreinlegt var húsið að sjá og vel við haldið: dyr og gluggar í góðu lagi, en þakið mjög bratt og náði langt upp, þakið dökkum hellum eða flísum, og gaf þetta allt góðan heildarsvip, eins og líka húsin sjálf enda þótt þau væru mismunandi. Húsin sneru langhlið að götunni, ekki göflum. — Ég vaknaði og naut þess að rifja upp fyrir mér þessa skýru, hugþekku sýn. Fljótlega mun

hafa hvarflað að mér sú hugsun, að þetta væri úr líkri átt og draumur Ingvars, framansagður. Jafnvel hvarflað að mér að þarna væri bústaður draumgjafa hans. — Reyndar hafði mér fundist eins og saga nokkur eða aðdragandi hefði verið í huga mér um leið og ég fór að leiða húsin augum, en ekkert af því varðveittist yfir í vökuna, og virðast því stilliskilyrði til þess hafa verið síðri en til hinnar beinu skynjunar.

30. 12. '92.
Þorsteinn Guðjónsson.

Draumsýn og stilliáhrif

Þessa athyglisverðu frásögn fékk ég nýlega frá góðum vini mínum, sem ritað hafði eftir frásögn konunnar sem hér hefur orðið:


„Mánudaginn 11. jan. '93 kom S. Á. H. til mín og sagði mér frá álitum Þ. G. á því, hverskonar fjarsamböndum J. B. H. væri í, þegar hann er að beita sér fyrir EES-málum, og að þar mundi vera um að ræða áhrif frá veru í miður góðum stað. Rétt eftir að S. Á. H. fór, sótti að mér höfgi, og ég lagðist upp í rúm. Ég skynjaði mann, háan, dökkhærðan með svarta skeggbrodda, líkt og hann hefði ekki rakað sig í nokkra daga. Stóð hann úti á miðju gólfi í nokkurskonar sal, þar sem fjöldi manna var samankominn og hlustaði á málflutning þessa dökkhærða manns, sem virtist vera mjög æstur. Mér stóð stuggur af manninum, og virtist mér hann vera að vísu ekki drukkin, en þó drykkjumannslegur að sjá. Hann talaði og talaði með frekju og látum, en enginn annar lagði þarna orð í belg. Ég þori ekki að fara með, hvað hann var að segja, hugsanlega þó stjórnmál, en mér þótti ræðan vera blönduð blótsyrðum. Mér þótti þetta vera maður sem vildi ráða, ráðríkur maður, maður sem sveifst einskis, og leið mér allt annað en vel. Ég var góða stund að ná mér upp úr þessu á eftir. Sofnaði þó vel um kvöldið“. (Í. D. sagði fyrir).

Athugasemdir Þ G. Þeir eru þó nokkrir hér á landi, sem kunna nokkur skil á kenningunni um eðli drauma — hvort sem þeir halda henni fram eða ekki — og ætti því, að mega reyna að skýra drauminn á þeirri undirstöðu. Þess er fyrst að gæta, að undangengið samtali okkar S. Á. H. um stjórn-málamanninn verður til þess að hann ber konunni stilliáhrif til þessa draumsambands (1). Þá er ljóst að „ræðumaðurinn“ í draumnum er alls ekki J. B. H., þótt konan þýði hann fyrir þennan. Er þetta eitt af frumatriðunum í draumarannsókn, að taka eftir því hvort staðir, hlutir og menn eru ekki öðruvísi en þeir „eiga“ að vera, samkvæmt vökuveruleikanum (2). Þegar þetta hefur lærst, getur draumvitund manna farið að skýrast. Í nefndu dæmi tók konan eftir verulegum mun; hinn draumséði ræðumaður er allt annar maður. En hliðstæður virðast allmargar með þeim, og einnig virðast skyldir atburðir vera að gerast hjá báðum; það ætla ég, að draum-Jón þessi sé einhverskonar stjórnmalamaður á annarri jörð, skyldri þessari, frumlífsjörð (3), og standi þar í svipaðri, vafasamri baráttu og J. B. H. hér hjá oss; atburðarásirnar eru furðulega skyldar, og gerast nærri samtímis, enda þótt hvergi sé um hreina endurtekningu að ræða. Virðist líklegt, að báðir hafi nú um sinn haft sitt fram, hvor á sínum hnetti, og þó ekki víst, að ánægjan af „sigrinum“ sé óblandin.

„Far þú nú, fundinn ertu“ segir á fornri rúnaristu, þar sem sjúkdómsvaldurinn „Gyrill sárþvara“ er svo ávarpaður. Hvað sem menn vilja segja um þá fornu sjúkdómsgreiningu, þá ætla ég, að það sé allmikils vert, að *ástæðingur* — álíka maður í samskonar framvinduferli og utanríkisráðherra vor, er nú *fundinn*, með rétttri athugun á draumsýn. Hvorugur þessara manna mun, þrátt fyrir hæfileika sína og völd, hafa náð að gera sér grein fyrir sambandi eins og þessu. Þessi vangeta veikir þá. Héðan af verða þeir annaðhvort að leiða hugann að því, sem hér var sagt — eða sjá áhrif sín þverra, smám saman.

Þorsteinn Guðjónsson.

Sérkennileg stjörnumerki í draumi



Mig dreyndi að ég væri úti í myrkri og renndi augum um alstirndan himin. Loks staðnæmdust augu mín við sérstætt útlit stjörnumerkis nokkurs, og grópaðist mynd þess í vitund mína. Niðurröðun stjarnanna var einkennilega reglubundin og einmitt þess vegna held ég að ég hafi munað þetta nokkuð rétt, er ég vaknaði, og teiknaði það þá þegar á blað. Allar stjörnur þess voru bjartar og áberandi, samanborið við aðrar stjörnur í nágrenni þess. — Ekki veit ég til að neitt stjörnumerki líti þennig út, héðan af jörð að sjá.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 8. mars 1981).



Enginn er sælli en sá, sem vaknar upp af lifmagnandi draumi.

Fyrir miðilsmunn 4. 11. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Einar Benediktsson.

Einar Benediktsson.

Heil og sæl.

Er ég þess fullviss hin íslenska þjóð er öðrum þjóðum jarðar fremri í andlegum efnum. Þótt ekki sé hún margmenn né völdug á stórvelda mælikvarða, þá er hún stórveldi í þeim skilningi að hún hefur yfirburði á sviði vísinda og *málsnillardar*. Með öðrum orðum, íslensk vísindi og heimspeki — (spóluskipti) — en talið hefur verið, gnæfa hæst á því sviði jafnan.

En það er nú þetta vandamál, hvernig hægt er að fá aðrar þjóðir til að skilja þetta andans afrek, er hæst gnæfir í framsókn mannsandans, vísindanna á ykkar jörð. Helgi Pjeturss, brautryðjandi stjörnulíffræðinnar og heimsfræðinnar, þarf að verða viðurkenndur og réttar metinn hér. Jafnvel af sinni eigin þjóð hefur hann ekki notið þeirrar viðurkenningar, er hann á skilið og fjarri því, hvað þá öðrum þjóðum.

Því er ég að tala um þetta hér, að full ástæða er til þess, að á það sé bent. Það er svo stórkostleg nauðsyn á sigri þessa sannleika og auknu þekkingar, er hér er um að ræða, þar sem jafn illa horfir og á ykkar jörðu. Helstefna slík, sem þar ríkir víða lítt eða ekki viðráðanleg, verður að hverfa og ljós þekkingarinnar eitt getur bjargað helstefnumannkyni af vegi glötunarinnar. Þó að einmitt á slíkum hnöttum sé hvað erfiðast að koma þekkingu fram og skilningi á lífinu, tilgangi þess, þá er það þó það sem eitt megnað að bjarga, eyða hatrinu og illskunni úr mannshuganum. Þetta er nú það, sem verður að takast svo að birti og upp renni öld friðar og farsældar um alla jörð, er aldrei tekur enda.

Ég hugsa mikið til Íslands, minnar þjóðar þar, og hvernig

þar mætti margt betur fara og það, sem þar á að verða, er auðvitað farsæl og öflug þjóð en ekki vesæl og ófarsæl. Það þarf að takast að koma málum þjóðarinnar í það horf sem fyrst, að farsæld og þroski sé sífellt vaxandi. Með tilstyrk vísindanna og lengra kominna íbúa stjarnanna á það að takast.

Þakka svo fyrir og verið sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku.)

Fyrir miðilsmunn 29. 6. 1992.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Brynjólfur Bjarnason, heimspekingur.

Helgi Pjeturss:

Hér er maður, er hug hefur á að heilsa ykkur.

Brynjólfur Bjarnason:

Blessuð.

Brynjólfur heiti ég Bjarnason, framliðinn til annars hnattar af ykkar jörð. Er ástæða til að gera tilraun að tala örfá orð, þar sem þess mun nú kostur að gera grein fyrir nokkrum breytingum á hugmyndum í heimspeki, er (orðið hafa í mínum) huga. Eru hugmyndir ljósari. Eftir að á aðra jörð er komið, get ég lýst því yfir, að lífið heldur áfram í hinum sama heimi og áður, alveg eins. Framlífshnöttur, er tilheyrir öðru sólhverfi, tekur við af frumlífshnetti. Þetta er það, sem gjörbreytir viðhorfi heimspekings til lífsins og tilverunnar. Ekki þurfti ég langan tíma til að átta mig á þessum hlutum hér og naut raunar fræðslu góðra manna, er tóku á móti mér. Ekki var það mér þó með öllu ókunnugt, er ég var á jörðinni, er Helgi Pjeturss lagði hér til málanna sem vísindamaður og heimspekingur af framúrskarandi snilli margt. En efinn vék aldrei frá mér á jörðinni í þeim efnum. Vitanlega ber að varast ranghugmyndir á þessu sviði sem öðrum og ég vildi nú vita hið rétta. En efinn er nú horfinn fyrir vissunni. Þannig að ekki get ég annað en

undrast, að mér skyldi ekki geta orðið þetta ljóst fyrr. En um það þýðir ekki að fara að fást. Munu menn ekki, sér að skaðlausu, geta véfengt heimspeki Helga Pjeturss og vísindi. Það er það, sem ég vildi ykkur segja og þakka fyrir og verið sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku)

Fyrir miðilsmunn 21. 10. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ísak Newton.

Íslendingar sælir.

Heil og sæl.

Newton hinn enski talar frá annarri jarðstjörnu skamma stund.

En það er rétt hugarfar, framfaravænlegt, að hugsa til stjarnanna, sambands við aðrar stjörnur, framliðna íbúa þeirra á þann hátt sem á sér hér stað í stöð ykkar á Íslandi og er vissulega merkilegt til þess að hugsa, að á Íslandi er þetta hugarfar hreinræktaðast á ykkar jörðu og vissulega er að vona, að áhrifa þess hugarfars muni gæta meðal alls mannkyns í framtíðinni og þeirrar hugsunar og þekkingar, sem því fylgir og er aflvaki þessa hugarfars, uppgötvanir íslensks vitsnillings og vísindamanns, hinar stórmerku sambandsuppgötvanir.

Ég uppgötvaði aðdráttarsambandið milli hnattanna forðum, þannig að með þeirri uppgötvun opnuðust möguleikar til að skilja alheiminn í nýju ljósi, skipulag alheimsins, stjarnanna, hreyfingar þeirra í geimdjúpinu, samband. Þannig að ekki er þetta vafabundið, aðdráttarsamband milli hnattanna er raunveruleiki og heimshverfanna stórkostlegu einnig.

En ef skilja skal tilganginn með (hinni) stórkostlegu heimssmíð óendanlegs hnattafjölda og heimshverfa, verður að horfa frá enn hærri sjónarhól lífsambandsins, skilnings á lífsambandinu í alheimi. Það er íslensk uppgötvun og ís-

lensk hugsuns, er þar er undirstaða nýs skilnings og nýrrar heimsfræði.

En eins og oft vill vera með nýjar uppgötvanir gengur seint að fá menn til að uppgötva þá uppgötvun og færa sér hana í nyt, þó ekki verði í efa dregið með rökum, að þar er um vísindalega staðreynd að ræða, orkuflutningar og geislun milli lifendanna á ótölulegum fjölda himinhnatta er heimslögmál.

Pakka fyrir og verið sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Nokkur orð til lesenda Lífgeisla

Svo er með þetta hefti Lífgeisla (október 1992) að það hefur orðið í meira lagi síðbúið af ýmsum ástæðum, (komið fram á árið 1993), og biðjum við lesendur afsökunar.

Vegna þessa dráttar á útkomu blaðsins höfum við tekið upp í það fáeinar greinar, sem að réttu lagi hefðu átt að koma í síðari heftum, en vildum ekki láta þær bíða. Er þar um að ræða eftirtalið efni:

Sannur draumafræðingur á annarri jörð, eftir Þ. G. bls. 176

Endurnýjuð draumsambönd, eftir Þ. G. bls. 177

Draumsýn og stilliáhrif, eftir Þ. G. bls. 178

Pétur Gíslason á Eyrarbakka, eftir Þ. G. bls. 171

Greinarnar eru skrifaðar eftir að október 1992 er liðinn. Ég vil hér geta þessara atriða, því annars kynni einhverjum, sem síðar læsu blaðið, að koma þetta nokkuð undarlega fyrir sjónir.

Með kærri kveðju,
fyrir hönd Lífgeisla og Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.

Þorsteinn Guðjónsson:

Félagsstarf júní 1991—okt. 1992

Eins og komið hefur fram, þá er aðalfundur ársins 1992 seinna á ferðinni en vera á og vant er, og er því tímabil það sem gera á grein fyrir, lengra en eitt ár eða nærri hálfannað. Það er ekki hægt að segja að félagið hafi verið aðgerðalaust þetta ár, en hversu árangursríkt starfið hefur verið, verður hver að meta fyrir sig.

Eins og áður hafa verið ræktir hinir fjórir aðalþættir starfsins: Miðilsfundir, félagsfundir, tímaritaútgáfa, bréfasambönd við féлага eða áhugamenn hér á landi og erlendis. Bæst hefur við nýr þáttur, sem reyndar var að komast af stað árið 1990, en það er endurútgáfa Nýalanna ásamt viðauka, og sú framkvæmd hefur þegar verið kynnt.

Miðilsfundir hafa verið haldnir flesta mánudaga eins og áður, og á sama stað, en nokkrum sinnum hafa verið haldnir fundir á Úlfsstöðum — og hafa bæði nýláttnir og löngu látnir gert vart við sig. Hefur Gunnar Hjörvar af mikilli alúð stundað það að taka fundina upp á segulband og skrá þá síðan af bandinu. Er vonandi, að félagið verði færð um það sem fyrst að sýna honum einhverja viðurkenningu í verki fyrir þetta starf. Hið sama má, ekki síður, segja um miðilinn sjálfan, Svein Haraldsson. Verk hans og viðleitni er mikillar viðurkenningar vert. En auðvitað gera menn sér grein fyrir því, að meðan stefna Nýals hefur ekki náð mætti sínum, hlýtur allt okkar starf að vera sem mest sjálfboðastarf.

Félagsfundir hafa oftast verið haldnir á tilsettum tíma á þessu bili. Ýmis athyglisverð mál hafa verið rædd, og vísast í því efni til fundargerða.

Lífgeislar hafa komið út sem svarar sex heftum á ári, og má það teljast allgott framhald. Efni blaðsins hefur verið

fjölbreytt, og nýlega kom út hefti með öllum erindunum sem flutt voru á Málþingi Nýalssinna á Þingvöllum, 27. júní sl. Voru viðurkenndir fræðimenn að meirihluta ræðumenn þar, og má að slíku teljast mikill akkur fyrir stefnu Nýals.

Bréfasambönd við áhugamenn erlendis hef ég allmikil haft, og ræði ég ekki frekar þar um. En hins vil ég enn geta, sem áður hefur komið fram að komið hefur út á mínum vegum blað á ensku máli, sem ber heitið **Huginn og Muninn**, og er kennt við hrafna Óðins, visku og vitneskjuhrafna, sem fréttir bera hvaðanæva. Með nútíma orðalagi mætti segja að með þessu riti sé „gert út á alþjóðlegan ásatrúarmarkað“, og er þó naumast um markaðsmál að ræða nema í minnsta lagi. En tilgangurinn hjá mér hefur verið sá að koma íslenskri heimsfræði á framfæri í sambandi við hinn forna arf okkar Íslendinga. Má því segja að þetta rit sé framhald af starfi Snorra Sturlusonar, en hann reyndi að reisa við Nordurlönd með fræðastarfi sínu, og hafa menn litla hugmynd um það haft. „Huginn og Muninn“ hafa þó nokkra útbreiðslu, og þyrfti ég eiginlega að vera í fullu starfi hjá sjálfum mér til þess að geta sinnt öllum þeim möguleikum sem þarna bjóðast.

Nýalsútgáfan er vissulega aðalviðburður umliðins starfsárs félagsins, og hefur hún þó nokkuð verið kynnt. Þessi framkvæmd er þess eðlis að hún verður félaginu til allmikillar byrði, meðan ekki verða meiri viðbrögð við henni en orðið er. En á hinn bóginn hefur það, að færast slíkt í fang orðið félögum hvatning til þátttöku í starfi meir en áður, og mun mega merkja það á einn og annan hátt.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum hér um þetta mál, en ég tel ástæðu til að vekja enn athygli á því, að þetta er í rauninni tvær útgáfur: annarsvegar Nýalarnir endurútgefnir, hinsvegar Valdar ritgerðir, sem er ný útgáfa ritgerða sem flestar voru orðnar almennum lesanda lítt tiltækar. Allir sem eiga gömlu útgáfurnar af Nýölum — og þeir eru margir, ættu einnig að fá sér Valdar ritgerðir I—II. Ég ætlast beinlínis til þess að fólk sjái sóma sinn í því að kaupa Valdar ritgerðir og auka þannig Nýal sinn. — Á hinn bóginn ættu

Nýalssinnar líka að kunna að meta það við útgefandann, SKÁKPARENT, að hafa ráðist í það stórvirki að gefa Nýal út að nýju, með mikilli áhættu og margfaldri fyrirhöfn, auk þess sem hann gefur út Lífgeisla fyrir okkur, og leggur einnig þar mikið á sig. — Jóhann Þórir sagði það við mig í vor, að hefðu tekjur í sambandi við útgáfuna orðið sem svarar þreföldu því sem við hjónin ein vorum þá búin að selja, þá væri peningahliðinni bjargað. En í raun hefur orðið sáralítil sala í sumar. Ég hef orðið fyrir vonbrigðum með það hve fáir úr okkar hópi hafa keypt. Jafnvel sumir sem hafa árum saman notið aðstöðu hér í salnum og þess sem félagið býður hér, hafa ekki keypt.

Um hin hversdagslegri umsvif félagsins, eins og innheimtu félagsgjalda og framkvæmdir á þeim byggðar, er það að segja, að slíkt hefur verið í lágmarki; er fjárkreppa félagsins vegna útgáfuframkvæmdanna slík, að viðgerðir á þaki og annað því tengt hefur naumlega tekist að fjármagna. Til framkvæmda eins og málningar utanhúss, eða endurbóta innanhúss, er varla að hugsa, og mætti í gamni segja að ástand hússins endurspegli ástand mannfélagsins.

Vegna þeirrar áhyggju sem við höfum af kostnaði þeim sem Skákprennt hefur af útgáfunni fórum við hjónin fyrir hálfum mánuði austur að Kumbaravogi og hittum þar Pétur Gíslason (og bróður hans Sigurð). Gaf Pétur góðfúslegt leyfi sitt til að selja flygilinn sem hann gaf fyrir 15 árum í fundar-salinn. Ef í nauðir rekur og gott tilboð fæst, munum við nota þetta leyfi, en þó aðeins í fullri nauðsyn.

Varðandi Lífgeisla vil ég beina því til allra félagsmanna og annarra sem gefa þessum málum gaum, að það er alveg nauðsynlegt að borga árgjöldin. Þetta rit hefur verið helsta merkið um starfsemi félagsins um árabíl, og þó ég hafi sjálfur átt hlut í því verki, vil ég telja ritið allvel heppnað, og skaði að það hefur ekki dreifst meira en enn er orðið.

Vonandi er að starfsemi félags Nýalssinna eigi eftir að eflast á næstunni, og ef svo verður þarf engan að iðrast þess að hafa þar lagt hönd að verki, enda þótt fremur þungt hafi verið fyrir lengst af.

Október 1992.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfrólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

Sprenging í vetrarbraut (Sjá forsiðumynd)	bls. 154
Frá Málþingi Nýalssinna 11. okt. 1992 í Hveragerði, Hótel Örk:	
Framlíf á himnum. Inngangur	” 155
Inngangur að lestri úr bókinni „Dagbók að handan“.	
Þorsteinn Guðjónsson	” 156
„Himinstjörnur tindra“. I. A.	
Flutt af Bjarna Th. Rögnvaldssyni	” 162
„Heimur framlíðinna“. Um upplestur Guðmundar Kristinssonar úr bók hans. Þ. G.	” 168
ÖNNUR ERINDI OG GREINAR:	
Á miðilsfundi árið 1997.	
Þorsteinn Guðjónsson	” 169
Pjetur Gíslason á Eyrarbakka.	
Þorsteinn Guðjónsson	” 171
Visindaleg athugun.	
Þorsteinn Guðjónsson	” 173
LJÓÐ:	
Kvöldvísa. Freysteinn Gunnarsson	” 175
DRAUMAR:	
Sannur draumafræðingur á annarri jörð.	
Þorsteinn Guðjónsson	” 176
Endurnýjuð draumsambönd.	
Þorsteinn Guðjónsson	” 177
Draumsýn og stilliáhrif	
Þorsteinn Guðjónsson	” 178
Sérkennileg stjörnumerki í draumi.	
Ingvar Agnarsson	” 180
SAMBANDSFUNDIR:	
FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson	
Ritari: Gunnar Hjörvar	
Einar Benediktsson, skáld	” 181
Brynjólfur Bjarnason, heimspekingur	” 182
Ísak Newton	” 183
FÉLAGSSTARF, JÚNÍ 1991 — OKTÓBER 1992:	
Miðilsfundir, Félagsfundir, Lífgeislar, Bréfasambönd Huginn og Muninn, Nýalsútgáfan o.fl.	
Þorsteinn Guðjónsson	” 185
MYR:	
Tvistirni. (Stjörnumynd)	” 154
Hringir Úranusar, með mynd	” 161
Sjöstirnið (með stjörnumynd)	” 167
Nokkur orð til lesenda Lífgeisla. I. A.	” 184